



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi
Erindi nr. P 128/784
komudagur 16.1.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. janúar 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96/2002, 168. mál.

Alpýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um br. á lögum um útlendinga. Markmið frumvarpsins er að fella inn í lögum um útlendinga breytingar sem gerðar voru á stofnsamningi EFTA með svokölluðum Vaduz- samningi, sem öðlaðist gildi 1. janúar 2003.

Alpýðusamband Íslands hefur fjallað um efni frumvarpsins. Sú skoðun gefur tilefni til að gera sérstaklega athugasemdir við b-lið 2. gr. frumvarpsins. Í greininni er vísað til útlendinga sbr. viðauka K við stofnsamning EFTA, sbr. b-lið ii í 16. gr. 1. viðbættis og heimild þeirra til að koma til landsins án sérstaks leyfis og veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári.

b-liður ii í 16. gr. viðauka K 1. viðbættis vísar til launamanna, óháð þjóðerni, einstaklinga sem veita þjónustu, sem eru hluti af/virkir þátttakendur á almennum vinnumarkaði í einu aðildarríkinu (e. are integrated into one Member State's regular labour market) og sendi til að veita þjónustu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis

Í almennum athugasemdum og athugasemdum með einstaka greinum frumvarpsins er ekki tekið á eða fjallaðu um með skýrum hætti hvernig túlka eigi ákvæðið um „einstaklinga ..sem eru hluti af/virkir þátttakendur á almennum vinnumarkaði í einu aðildarríkinu“. Þannig segir í almennum athugasemdum um þetta ákvæði:

Varðar það einstaklinga, óháð þjóðerni, sem starfa hjá aðila sem veitir þjónustu og er hluti af almennum vinnumarkaði EFTA-ríkis. Þessum einstaklingum skal vera heimilt að koma til annars aðildarríkis og veita þjónustu á yfirráðasvæði þess í allt að 90 raunveru lega starfsdaga á almanaksári.

Þá segir í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins:


Í b-lið er nýtt sérákvæði um þá útlendinga, án tillits til þjóðernis, sem falla undir viðauka K við EFTA-samninginn, sbr. b-lið ii í 16. gr. 1. viðbættis, og starfa hjá aðila sem veitir þjónustu og er hluti af almennum vinnumarkaði EFTA-ríkis, sendur til að veita þjónustu hér á landi. Mega þessir útlendingar koma til landsins og veita þjónustu í allt að 90 raunverulega starfsdaga á almanaksári.

Á hvorugum staðnum er að finna tilvísun til „einstaklinga ..sem eru hluti af/virkir þátttakendur á almennum vinnumarkaði í einu aðildarríkinu“.

Þá er vert að benda á að það eru lög um atvinnuréttindi útlendinga sem kveða á um rétt útlendinga til starfa hér á landi. Það er því eðlilegt að ákvæði um veitingu þjónustu sbr. b-lið 2. gr. frumvarpsins verði felld inn í lögina um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002. Fella mætti efni hennar inn í b-lið 14. gr. þeirra laga.

Í ljósi framanritaðs er lagt til að niðurlag b-liðar 2. gr. frumvarpsins verði fellt út og það tekið upp í lög nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga. Þá er lagt til að við lögfestingu ákvæðis b-liðar ii í 16. gr. viðauka K, 1. viðbættis við stofnsamning EFTA, verði lagatextinn tekinn beint upp úr b-liðar ii í 16. gr. viðauka K, 1. viðbættis í stað þess að vísa aðeins til hans. Þá verði í skýringum og athugasemdum með frumvarpinu sett fram sú túlkun í samræmi við ákvæði textans, að með „einstaklinga ..sem eru hluti af/virkir þátttakendur á almennum vinnumarkaði í einu aðildarríkinu“ sé átt við einstakling sem hafi fengið atvinnuleyfi í öðru aðildarríki EFTA, sem er hliðstætt óbundnu atvinnuleyfi hér á landi.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands



Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdarstjóri ASÍ